

## Skólaráð 21.febrúar 2023

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Helga Guðný Sigurðardóttir og Fjóla Borg Svavarsdóttir fulltrúar foreldra, Sif Garðarsdóttir og Ragnheiður Gísladóttir fulltrúar kennara. Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi annars starfsfólks. Indriði boðaði forföll.

Fundur haldinn á TEAMS kl. 17.00

### 1. Skóladagatal

*Farið yfir drög að skóladagatali sem var samþykkt án athugasemda.* Rætt var þó að eftir væri að fara yfir dagatalið með kennurum en þá myndi skólastjóri senda dagatalið aftur til skólaráðs. Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um hvort ekki sé hægt að hafa heila viku samfelt í vetrarfríum. Skólastjóri fer yfir að reglulega hafi verið gerðar kannanir meðal foreldra og starfsmanna skóla í Kópavogi um fyrirkomulag vetrarfría og niðurstaðan hefur hingað til verið sú sama að halda óbreyttu fyrirkomulagi.

### 2. Skólastarfið á vorönn

Skólastjóri spurði hvort foreldrafélagið væri til í áframhaldandi samvinnu varðandi Góðgerðardag og vorhátíð. Fulltrúi foreldra í stjórn foreldrafélagsins svaraði því játandi og taldi fullvíst að því yrði tekið fagnandi. Skólastjóri fór einnig yfir að stjórnendur væru að byrja aftur á morgunspjalli við foreldra sem hefði gefist vel fyrir Covid. Eitt af umræðuefnunum við foreldra er upplifun af nemendastýrðu foreldraviðtölunum. Hingað til hafa borist jákvæðar umsagnir í miklum meirihluta frá foreldrum. Óskað var einnig eftir því að foreldrafélagið myndi minna foreldra á að það er hægt að fá sal skólans lánaðan fyrir afmæli eða bekkjarskemmtanir.

### 3. Húsnæðismál

Við gerum ráð fyrir að flytja í nýtt húsnæði/nýjan skóla á næsta skólaári, líklega verður það í kringum áramótin. Vegna fjölgunnar í hverfinu er hópur sem kemur í 1.bekk töluvert stór og því fáum við tvær lausar kennslustofur á skólalóðina til viðbótar sem teknar verða til notkunar í haust.

### 4. Frá fulltrúum foreldra.

Fulltrúar foreldra vildu koma á framfæri þakklæti og stuðningi við starfsfólk skólans sem hefur verið að kljást við áskoranir á undanförunum misserum s.s. mygluframkvæmdir og húsnæðisskort. Þau vildu koma því til starfsmanna að þeir ættu „heiður skilinn“ fyrir sitt framlag til þess að skólastarfið hefði gengið eins vel og raun ber vitni.

Fundi slitið kl. 17.40